Í endurskoðaðri spá fjármálaráðuneytis fyrir árið 2004 er reiknað með að hagvöxtur verði 5½% og er það hækkun um 2% frá fjárlögum 2004. Spáð er rúmlega 8% aukningu þjóðarútgjalda á árinu 2004. Hér munar mestu um 17% aukningu í fjárfestingu sem skiptist þannig að fjárfesting atvinnuveganna eykst um tæplega 30% og íbúðafjárfesting um 12½%. Á móti vegur að fjárfesting hins opinbera dregst saman um líðlega 18%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 7% og samneysla um 1½%. Viðskiptahalli er talinn verða 7¼% af landsframleiðslu árið 2004. Þessa aukningu má að verulegu leyti rekja til áhrifa stóriðjuframkvæmdanna.

Reiknað er með að atvinnuleysi verði að jafnaði um 3% af mannafla árið 2004. Gert er ráð fyrir að framleiðsluslaki í efnahagslífinu hverfi á árinu 2004. Hins vegar er áfram reiknað með slaka á vinnumarkaði, þ.e. mismunur á mældu atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla og nálgun við svokallað jafnvægisatvinnuleysi. Búist er við að verðbólgan hækki lítillega frá fyrri spá eða í 3%. Gert er ráð fyrir að launakostnaður á ársverk hækki um 4¾% og að teknu tilliti til verðbólgu og skatta er einnig gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunar-tekna á mann aukist um 1½% á yfirstandandi ári.

	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frávik frá fjárlögum
<b>I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %</b>			
Einkaneysla .....	3½	7	3½
Samneysla .....	1	1½	½
Fjárfesting .....	8½	17¼	8¾
Þjóðarútgjöld alls .....	4	8	4
Útflutningur vöru og þjónustu .....	4½	6	1½
Innflutningur vöru og þjónustu .....	5¾	12¾	7
Verg landsframleiðsla .....	3½	5½	2
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu .....	-3¼	-7¼	-4
<b>II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %</b>			
Ráðstöfunartekjur á mann .....	5	4½	-½
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann .....	2½	1½	-1
Vísitala neysluverðs .....	2½	3	½
Gengisvísitala .....	1	-1	-2
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla .....	2½	3	½

Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 2004 gerir ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila verði tæplega 87,7 milljarðar króna eða tæpum 4,5 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má nær eingöngu rekja til aukinna tekna af fjármagnstekjuskatti einstaklinga og tekjuskatti lögaðila. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er áætlaður 7,7 milljarðar króna og hækkar um 2,1 milljarð frá fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila nemi 11,3 milljörðum króna eða 2,4 milljörðum króna hærri en í fjárlögum. Útkoma í ríkisreikningi 2003 af skatttekjum lögaðila er 12,2 milljarðar króna og er það um 4,4 milljarða króna hækkun frá fyrra ári. Álagning lögaðila liggur þó ekki fyrir fyrr en í október og því gæti þessi áætlun breyst. Áætlaðar tekjur af eignarskatti hækka um tæplega 500 milljónir frá áætlun fjárlaga. Þessi hækkun stafar alfarið af auknum tekjum af stimpilgjöldum frá áætlun fjárlaga sem stefnir í 850 milljónir króna. Aftur á móti lækkar þróunarsjóðsgjald á aflamark um 510 milljónir króna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2004	Áætlun <sup>1</sup> 2004	Frávik m.kr.	Frávik %
<b>I Skatttekjur .....</b>	<b>254.617</b>	<b>264.335</b>	<b>9.718</b>	<b>3,8</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	83.220	87.695	4.475	5,4
Einstaklingar .....	72.900	75.000	2.100	2,9
Lögaðilar .....	8.900	11.300	2.400	27,0
Ótalið annars staðar .....	1.420	1.395	-25	-1,8
Tryggingagjöld .....	29.007	29.707	700	2,4
Eignarskattar .....	8.710	9.208	498	5,7
Skattar á vörur og þjónustu .....	132.860	136.900	4.040	3,0
Virðisaukaskattur .....	88.021	91.521	3.500	4,0
Aðrir skattar .....	821	826	5	0,6
<b>II Aðrar rekstrartekjur .....</b>	<b>25.721</b>	<b>24.221</b>	<b>-1.500</b>	<b>-5,8</b>
Arðgreiðslur .....	3.726	4.165	439	11,8
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur .....	15.121	12.921	-2.200	-14,5
Neyslu- og leyfisgjöld.....	5.912	6.173	261	4,4
Annað.....	962	962	0	0,0
<b>III Sala eigna.....</b>	<b>540</b>	<b>540</b>	<b>0</b>	<b>0,0</b>
<b>V Fjárframlög.....</b>	<b>1.143</b>	<b>1.143</b>	<b>0</b>	<b>0,0</b>
<b>Heildartekjur ríkissjóðs. ....</b>	<b>282.021</b>	<b>290.240</b>	<b>8.218</b>	<b>2,9</b>
<b>Sjóðshreyfing .....</b>	<b>267.140</b>	<b>278.357</b>	<b>11.217</b>	<b>4,2</b>

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum fjáráukalögum ársins.

**Tryggingagjöld.** Forsendur fjárlaga fyrir árið 2004 um tekjur af tryggingagjaldi eru að mestu óbreyttar. Engu að síður er gert ráð fyrir 700 milljóna króna tekjuaukningu.

**Skattar á vöru og þjónustu.** Áætlaðar tekjur af sköttum og þjónustu eru um 137 milljarðar króna og hækka um rúma 4 milljarða frá áætlun fjárlaga. Þessa hækkun má einkum rekja til aukinnar einkaneyslu heimilanna. Áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti eru taldar aukast um 3,5 milljarða. Enn fremur hefur innflutningur bifreiða aukist töluvert það sem af er árinu og er gert ráð fyrir að fluttir verði inn rúmlega 15.000 bílar en á árinu 2003 voru fluttir inn rúmlega 2.600 bílar.

**Aðrar rekstrartekjur.** Áætlaðar tekjur af öðrum rekstrartekjum eru rúmlega 24 milljarðar króna og lækka um 1½ milljarð frá fjárlögum. Áætlaðar tekjur af arðgreiðslum ríkisfyrirtækja hækka um 440 milljónir króna og er þar meðal annars greiðsla frá ÁTVR upp á 500 milljónir króna. Í kjölfar niðurstöðu í ríkisreikningi fyrir árið 2003 lækka áætlaðar tekjur vegna dráttarvaxta af tekjum ríkissjóðs um 1 milljarð króna frá fjárlögum. Einnig lækka áætlaðar tekjur af öðrum vaxtatekjum ríkissjóðs um 1,2 milljarð króna, meðal annars vegna lægra vaxtastigs.

## 2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á óskir ráðuneyta um aukna fjárþörf til verkefna og stofnana og leitað skýringa á tilefni þeirra. Leitað hefur verið skýringa á frávikum frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð. Miðað er við að í fjárukalögum verði bætt ófyrirséð útgjöld, kjarasamningar og -úrskurðir. Þá eru hagrænar forsendur fjárlaga endurmetnar, svo sem vaxtagjöld og atvinnuleysi, auk þess sem útgjöld almannatrygginga eru endurmetin í ljósi framvindunnar á árinu. Tekið er tillit til lagabreytinga sem hafa áhrif á útgjöld og nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Loks er lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana og verkefna verði bættur í þeim tilvikum þar sem verkefni er lokið eða sýnt þykir að komið sé jafnvægi á reksturinn og ekki verði um áframhaldandi hallarekstur að ræða.

Með frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir verði hækkaðar um 6,3 milljarða kr., þar af eru rúmir 2 milljarðar kr. til félagsmálaráðuneytisins, einkum vegna eins milljarðs kr. útgjalda atvinnuleysistrygginga, 300 m.kr. útgjalda Ábyrgðasjóðs launa og um 250 m.kr. framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis aukast um rúma 2 milljarða kr. og vegur þar þyngst 675 m.kr. framlag til reksturs Landspítala – háskólasjúkrahúss, rúmlega 550 m.kr. eru vegna útgjalda sjúkratrygginga, einkum vegna lyfjakostnaðar, um 350 m.kr. eru útgjöld bóta félagslegrar aðstoðar og um 300 m.kr. útgjöld lífeyristrygginga vegna fjölgunar öryrkja umfram forsendur fjárlaga. Rúmlega 930 m.kr. eru aukin útgjöld er falla undir fjármálaráðuneyti, þar af eru 600 m.kr. vegna vaxta-bóta umfram áætlun og 300 m.kr. vegna kostnaðar við kjarasamninga á almennum markaði umfram launaforsendu fjárlaga og dreifast þau útgjöld á önnur ráðuneyti. Útgjöld menntamálaráðuneytis aukast um 500 m.kr., þar af eru 250 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum, rúmar 100 m.kr. vegna lokaframkvæmda við Þjóðminjasafn og 100 m.kr. eru hækkuð afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Útgjöld samgönguráðuneytis aukast um rúmlega 410 m.kr., þar af eru 375 m.kr. vegna jarðganga undir Almannaskarð. Útgjöld utanríkisráðuneytis aukast um tæplega 300 m.kr. Þar vega þyngst tæplega 190 m.kr. auknar tekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkflugvelli af öryggis- og landingargjöldum sem skilað er til stofnunarinnar sem er í B-hluta. Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis aukast um tæplega 170 m.kr. og vegur þar þyngst rúmlega 50 m.kr. framlag til að endurnýja samning um Tetra-fjarskiptakerfið, 35 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn héraðsdómstóla og 35 m.kr. framlag til að fjölga lögreglumönnum í Reykjavík. Útgjöld landbúnaðarráðuneytis aukast um tæplega 165 m.kr. og munar þar mest um 135 m.kr. framlag vegna sauðfjárframleiðslu er féll niður í fjárlögum. Útgjöld forsætisráðuneytis hækka um 125 m.kr. og vegur þar þyngst 70 m.kr. framlag til niðurrifs á Sölvhólsgötu 11 í Reykjavík. Loks lækka útgjöld viðskiptaráðuneytis um 90 m.kr. vegna niðurlagningar á Flutningsjöfnunarsjóði sements og útgjöld sjávarútvegsráðuneytisins lækka um tæplega 470 m.kr. þar sem gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins var lagt af frá 1. september sl. Útgjöld annarra ráðuneyta breytast minna.

Nánar er fjallað um breytingar á útgjaldaheimildum í athugasemdum við einstaka fjárlagaliði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2004	Heimildir 2004	Breyt. frá fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun .....	78.027	79.356	1.329	1,7
Lífeyrisskuldbindingar .....	4.704	4.704	0	0,0
Önnur gjöld .....	62.273	63.156	883	1,4
Sértekjur .....	-18.902	-18.601	301	-1,6
<b>Rekstrargjöld samtals .....</b>	<b>126.102</b>	<b>128.615</b>	<b>2.513</b>	<b>2,0</b>
<b>Fjármagnskostnaður .....</b>	<b>15.140</b>	<b>15.140</b>	<b>0</b>	<b>0,0</b>
<b>Rekstrar- og neyslutilfærslur</b>				
Lífeyristryggingar .....	28.939	29.236	297	1,0
Sjúkratryggingar .....	14.452	15.007	555	3,8
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu .....	7.310	7.450	140	1,9
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	6.427	6.676	249	3,9
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð .....	5.865	6.211	346	5,9
Fæðingarorlofssjóður .....	5.826	5.826	0	0,0
Barnabætur .....	5.430	5.430	0	0,0
Vaxtabætur .....	4.505	5.105	600	13,3
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	3.420	4.470	1.050	30,7
Afskriftir skattkrafna .....	4.000	4.000	0	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	3.412	3.412	0	0,0
Framlag til sókna og kirkjugarða .....	2.739	2.739	0	0,0
Ríkisútvarpið .....	2.298	2.405	107	4,7
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur .....	19.213	19.707	494	2,6
<b>Rekstrar- og neyslutilf. samtals .....</b>	<b>113.835</b>	<b>117.674</b>	<b>3.839</b>	<b>3,4</b>
<b>Viðhald</b>				
Vegakerfi .....	2.307	2.307	0	0,0
Annað .....	1.813	1.863	50	2,8
<b>Viðhald samtals .....</b>	<b>4.120</b>	<b>4.170</b>	<b>50</b>	<b>1,2</b>
<b>Fjárfesting</b>				
Vegakerfi .....	7.220	7.595	375	5,2
Heilbrigðisstofnanir .....	1.896	1.896	0	0,0
Hafnarframkvæmdir .....	1.072	1.072	0	0,0
Háskólar og framhaldskólar .....	1.062	1.062	0	0,0
Flugvellir .....	287	287	0	0,0
Annað .....	4.562	4.101	-461	-10,1
<b>Fjárfesting samtals .....</b>	<b>16.099</b>	<b>16.013</b>	<b>-86</b>	<b>-0,5</b>
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>275.296</b>	<b>281.611</b>	<b>6.316</b>	<b>2,3</b>

### 3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármögnun ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er leitað heimilda til breytinga á endurlánum ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir að Landsvirkjun endurgreiði 400 m.kr. virkjanarannsóknir með skuldabréfi.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir alls 5.382 m.kr. lækkun heimildar til veitingar ríkisábyrgðar á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Annars vegar er um að ræða 5.457 m.kr. lækkun á heimildum Íbúðalánasjóðs frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum en hins vegar er farið fram á að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimiluð allt að 75 m.kr. lántaka til að kosta undirbúning að stækkun Lagarfossvirkjunar. Breytingar hjá Íbúðalánasjóði skiptast þannig að heimild vegna húsbrefadeildar og almennra íbúðalána hækkar um 7.250 m.kr., heimild vegna leiguíbúða lækkar um 5.100 m.kr., heimild vegna viðbótarlána lækkar um 2.900 m.kr. og heimild vegna endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna lækkar um 4.707 m.kr.

Horfur á aukinni lánsfjárförf til almennra íbúðalána skýrast af mikilli eftirspurn á fyrri hluta ársins. Búið er við að eftirspurnin á síðari hluta ársins verði ekki eins mikil en útreikningar gera engu að síður ráð fyrir að heildareftirspurn á árinu verði umfram áætlun fjárlaga. Þessir útreikningar voru gerðir áður en núverandi samkeppni í íbúðarlánum hófst þannig að líkur eru á að heildaraukning í almennum íbúðarlánum verði ekki eins mikil og þeir sýna. Ástæða minni lánsfjárþarfar vegna leiguíbúða og viðbótarlána skýrist að miklu leyti að því að gert er ráð fyrir að hætt verði við sumar þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru á árinu eða að þær dragist fram á næsta ár. Lækkun á lánsfjárförf eldri byggingarsjóðanna stafar af því að endurgreiðslur útistandandi lána hafa ásamt uppgreiðslum staðið undir stærri hluta af endurgreiðslum eldri fjármögnunarlána en áður var reiknað með. Vegna nýtilkominnar samkeppni á markaði um lán til íbúðakaupa er gerður fyrirvari um áætlanir Íbúðalánasjóðs. Verða þær áætlanir endurskoðaðar fyrir afgreiðslu frumvarpsins.



Í milljónum króna	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Breyting frá fjárlögum
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>-1.787</b>	<b>3.114</b>	<b>4.901</b>
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar .....	-400	-3.267	-2.867
Veitt löng lán .....	-4.800	-5.250	-450
Afborganir veittra lána .....	20.860	23.000	2.140
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög .....	-400	-400	0
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	540	540	0
<b>Fjármunahreyfingar samtals .....</b>	<b>15.800</b>	<b>14.623</b>	<b>-1.177</b>
<b>Hreinn lánsfjárjöfnuður .....</b>	<b>14.013</b>	<b>17.737</b>	<b>3.724</b>
Fjármögnun:			
Skammtímalán .....	0	0	0
Tekin löng lán .....	27.300	26.000	-1.300
Afborganir af teknum lánum .....	-31.300	-33.000	-1.700
<b>Fjármögnun samtals .....</b>	<b>-4.000</b>	<b>-7.000</b>	<b>-3.000</b>
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins .....	-7.500	-7.500	0
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>2.513</b>	<b>3.237</b>	<b>724</b>

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum er nú gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 3,1 milljarður króna árið 2004 og hækki því um 4,9 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Breytingin skýrist að stærstum hluta af 1,9 milljarða króna hagstæðari tekjujöfnuði ásamt um 3 milljarða króna betri innheimtu tekna. Á móti kemur að horfur eru nú á að fjármunahreyfingar taki til sín um 1,2 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga. Þar eru stærstu breytingarnar tæplega 2,9 milljarða króna hækkun á veittum stuttum lánum vegna uppgjors við Reykjavíkurborg á lífeyrisskuldbindingum vegna samreksturs stofnana og 450 m.kr. hækkun á veittum löngum lánum, þar af 400 m.kr. til Landsvirkjunar vegna endurgreiðslu virkjanarannsóknna. Á móti kemur að afborganir veittra lána hækka um ríflega 2,1 milljarð króna. Reiknað er því með að hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs batni um 3,7 milljarða króna frá áætlun fjárlaga verði og 17,7 milljarðar króna. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafganginum með því að greiða 7,5 milljarða króna inn á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, greiða langtímaskuldir niður um 7 milljarða króna og bæta stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka um 3,2 milljarða króna.

Gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs árið 2004 verði 26 milljarðar króna og er það 1,3 milljörðum króna minni lántaka en áætluð var í fjárlögum ársins. Þá eru horfur á að afborganir af teknum lánum verði 33 milljarðar króna eða 1,7 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga. Reiknað er því með að ríkissjóður greiði niður skuldir sínar um 7 milljarða króna á árinu 2004 og er það 3 milljarða króna meiri niðurgreiðsla en áætluð var í fjárlögum.

## 4 Heimildir

Sótt er um 4 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að í lið 3.34 er óskað eftir því Öldugata 17 verði seld og heimilt verði að ráðstafa andvirði eignarhluta ríkisins til tækjakaupa á augndeild Landspítala – háskólasjúkrahúss en ríkissjóður á eignina til helminga á móti Sjónverndarsjóði Íslands. Heimild 6.33 er til komin vegna skipulags og hagræðingar í tengslum við húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm. Í lið 7.12 er óskað eftir heimild fyrir Flugmálastjórn Íslands til að ráðstafa um 250 m.kr. af eigin fé Alþjóðaflugþjónustunnar í tengslum við hlutafélagastofnun á grundvelli 7. gr. laga nr. 60/1998. Ástæðan fyrir heimildinni er kaup stofnunarinnar á rekstri fjarskiptamiðstöðvarinnar í Gufunesi af Landssíma Íslands. Í lið 7.13 er að finna heimild sem skýrir sig að mestu sjálf og varðar sölu á rannsóknarskipinu Dröfn RE 35 og ráðstöfun á andvirðinu til kaupa á rannsóknartækjum fyrir skip Hafrannsóknarstofnunar.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

## 00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 68 m.kr.

### 201 Alþingi.

*1.01 Alþingiskostnaður.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna 50% álags á þingfararkaup þeirra alþingismanna sem eru formenn stjórnmalaflokka en eru ekki jafnframt ráðherrar, skv. lögum nr. 141/2003.

*1.06 Almennur rekstur.* Farið er fram á 14 m.kr. fjárheimild vegna viðbótarútgjalda við þingstörfín í maí, umfram það sem áætlað var, og sumarþingið í júlí. Hér er um að ræða aukinn launakostnað, kostnað við sérstakar ráðstafanir, flutninga o.fl. og annan viðbótarkostnað, svo sem ferðakostnað og kostnað vegna varamanna.

*5.20 Fasteignir.* Óskað er eftir 44 m.kr. viðbótarframlagi til viðhalds Alþingishúss. Framkvæmdasýsla ríkisins áætlað að viðhaldskostnaðurinn geti orðið alls 119 m.kr. og er það 44 m.kr. umfram fjárveitingu í fjárlögum. Þrjú meginþættir skýra þessa aukningu: Í fyrsta lagi voru tilboð í verkið heldur hærri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir en samið var við lögstjóðanda. Í öðru lagi kom í ljós eftir að framkvæmdir hófust að magnaukning og aukaverk yrðu mun meiri en kostnaðarramminn gerði ráð fyrir. Í þriðja lagi gat verktakinn ekki hafið verkið á umsömdum tíma vegna þess að þinglok yrðu mun seinna en ráð hafði verið fyrir gert og einnig yrðu tafir og margvíslegt óhagræði af völdum sumarþingsins. Á sama tíma var ekki hægt að lengja verktímann þar sem öllum framkvæmdum þurfti að ljúka tímanlega fyrir þingsetningu í haust.

## 01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 125,4 m.kr.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.16 Evrópunefnd.* Lagt er til að veitt verði 2,2 m.kr. framlag til að mæta kostnaði vegna starfa Evrópunefndar, sem skipuð er af forsætisráðherra. Nefndinni er ætlað að skerpa og skýra um hvaða atriði þarf að ræða í Evrópumálum og hver ekki. Evrópu-

nefndinni er auk upplýsingaöflunar ætlað að greina aðalatriði mála og helstu staðreyndir til að auðvelda umræður á skynsamlegum forsendum um evrópumálin. Nefndarmenn eru alls níu. Gert er ráð fyrir starfsmanni í hálfu starfi auk kostnaðar við aðkeypta sérfræðivinnu. Einnig er sótt um fjárveitingu til starfs nefndarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005.

*1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi.* Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. framlag vegna endurnýjunar á samningi við Vesturfarasetrið á Hofsósi frá 25. nóvember 1999. Framlaginu skal m.a. varið til frekari uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi vegna þjónustu og afþreyingar fyrir fólk af íslenskum ættum sem býr í Norður-Ameríku. Jafnframt er sótt um 12 m.kr. framlag vegna sammingsins í fjárlagafrumvarpi 2005 til fjögurra ára. Heildarframlagið nemur því samtals 54 m.kr. á árunum 2004 til 2008.

*1.90 Ýmis verkefni.* Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild þessa viðfangsefnis hækki um samtals 27,2 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 11,5 m.kr. vegna endurskoðunar almannavarna og björgunarmála. Um er að ræða endurskoðun laga um almannavarnir og vinnu við samhæfingu á stjórn og skipulagi leitar- og björgunarmála í einni miðstöð í Skógarhlíð. Verkefnið varir árið 2004 og 2005 og er einnig gerð tillaga um framlag til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2005. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 10,5 m.kr. framlag til að mæta kostnaði er tengist sérfræðivinnu og ráðgjöf vegna fjölmiðlalaga. Um er að ræða kostnað vegna fjölmiðlanefndar menntamálaráðherra, vinnu við gerð frumvarps til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum og sérfræðivinnu starfshóps til undirbúnings að löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu. Kostnaður vegna fjölmiðlanefndar nemur 3,7 m.kr. og önnur sérfræðivinna 6,8 m.kr. Í þriðja lagi er óskað eftir 5,2 m.kr. vegna kostnaðar við athugun á orsökum fyrir háu matvælavæði á Íslandi samanborið við verð annars staðar á Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins en ráðist var í þá athugun samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi þann 11. desember 2002. Gerður var samningur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um úttekt og rannsóknir vegna verkefnisins.

### **203 Fasteignir Stjórnarráðsins.**

*6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit.* Lagt er til að veitt verði 70 m.kr. framlag til niðurrifs á húseigninni Sölvhólsgötu 11. Um er að ræða framlag til fyrri áfanga verksins sem felst í að rífa húsið, fjarlægja brotarusl, grófjafna lóðina og klæða gaff Sölvhólsgötu 13. Í öðrum áfanga er áformað að ganga frá lóð og bílastæðum.

### **255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.**

*6.21 Framkvæmdir.* Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna kostnaðar á árinu 2004 við að ljúka endurbótum á Gljúfrasteini og frágangi lóðar. Kostnaður við lagfæringar og endurbætur hefur orðið meiri en ráð var fyrir gert í upphafi. Jafnframt

hefur orðið að fresta til næsta árs ýmsum frágangsverkefnum við húsnæðið og lóð og farið er fram á framlag vegna þess í fjárlagafrumvarpi 2005.

## 02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 504 m.kr.

### 201 Háskóli Íslands.

*1.02 Rannsóknir og önnur verkefni.* Óskað er eftir 14 m.kr. viðbótarfjárheimild í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarnarinnar um að verkefni Norrænu eldfjallamiðstöðvarinnar færist til Háskóla Íslands. Einnig er farið fram á 1 m.kr. til Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála í stjórn málafræðiskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Framlaginu er ætlað að standa straum af kostnaði við uppbyggingu fjarnáms í opinberri stjórnsýslu o.fl. varðandi hið opinbera fyrir stofnanir og sveitarfélög úti um land.

### 319 Framhaldsskólar, almennt.

*1.90 Framhaldsskólar, óskipt.* Farið er fram á að fjárheimild verði aukin um 250 m.kr. til þess að mæta nemendafjölgun í framhaldsskólum umfram forsendur fjárlaga. Nemendaspá bendir til þess að fjöldi ársnemenda geti orðið allt að 1.100 umfram forsendur fjárlaga og er miðað við að lækka meðalframlag á nemanda frá því sem gert hafði verið ráð fyrir.

### 902 Þjóðminjasafn Íslands.

*1.01 Þjóðminjasafn Íslands.* Farið er fram á 20 m.kr. aukafjárveitingu í tilefni af opnun safnsins 1. september 2004. Fjárveitingin er ætluð til uppsetningar á sýningum og vegna kynningarmála.

### 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

*6.21 Endurbætur menningarstofnana.* Farið er fram á 100 m.kr. fjárheimild til að ljúka að fullu framkvæmdum við hús Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu. Endurskoðuð áætlun leiðir í ljós að fjárþörf hefur aukist um 65 m.kr. annars vegar vegna hækkunar á kostnaði við grunnsýningu og loftræstikerfi og hins vegar kostnaðar við aukaverk og ófyrirséða verkþætti. Í fyrri áætlun var ekki gert ráð fyrir að innréttu turnbyggingu á þessu ári en nú er lögð áhersla á að ljúka þessu m.a. vegna öryggis sýningargripa. Kostnaður við þá framkvæmd, m.a. innréttingar, lyftu og húsgögn er áætlaður 35 m.kr.

**971 Ríkisútvarpið.**

*1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld.* Óskað er eftir að framlag til Ríkisútvarpsins verði aukið um 107 m.kr. í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun fyrirtækisins í framhaldi af hækkun afnotagjalda um 7% þann 1. maí sl.

**983 Ýmis fræðistörf.**

*1.11 Styrkir til útgáfumála.* Sótt er um 6 m.kr. framlag til verkefnisins Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 1 m.kr. framlagi til verkefnisins en það átti að vera 7 m.kr.

**999 Ýmislegt.**

*1.44 Snorrastofa.* Farið er fram á 6 m.kr. stofnkostnaðarframlag vegna Snorrastofu í Reykholti. Í fjárlagafrumvarpi 2004 var gert ráð fyrir 6 m.kr. stofnkostnaðarframlagi sem síðan var fellt niður með breytingartillögu við 2. umræðu vegna þess að samningur um verkefnið var runninn út. Þeir sem að Snorrastofu standa höfðu hins vegar miðað áætlanir sínar við að þessi fjárheimild yrði til staðar, með tilvísun í frumvarpið.

**03 Utanríkisráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 297,8 m.kr.

**101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.02 Varnarmálaskrifstofa.* Gert er ráð fyrir 45 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis. Annars vegar er óskað eftir 32 m.kr. framlagi vegna hreinsunar á svökölluðu Nikkelsvæði sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli skilaði ríkissjóði árið 2001. Samkvæmt samningi við Bandaríkjamenn sáu þeir um að fjarlægja pípur neðanjarðar en ríkissjóður tók að sér yfirborðshreinsun landsins. Hins vegar er farið fram á 13 m.kr. framlag vegna sérfræðikostnaðar í tengslum við varnarmálaskrifstofu.

**201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.**

*1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli.* Gert er ráð fyrir að sértekjur embættisins hækki um 17 m.kr. vegna útseldrar þjónustu við öryggisþjónustu og við vopnaleit hjá embættinu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur falið embættinu að framkvæma vopnaleitina samkvæmt samningi.

*1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli.* Gert er ráð fyrir að sértekjur embættisins hækki um 60 m.kr. vegna útseldrar þjónustu við öryggisþjónustu og við vopnaleit hjá embættinu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur falið embættinu að framkvæma vopnaleitina samkvæmt samningi.

**211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.**

*1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur.* Með lögum nr. 88/2004, um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, var lendingargjöldum í millilandaflugi breytt, vopnaleitargjald lagt niður en upp tekið öryggisgjald. Áætlað er að tekjur stofnunarinnar hækki við þessar breytingar um 187,8 m.kr. á árinu frá því sem áætlað var í fjárlögum.

**300 Sendiráð Íslands.**

*6.01 Tæki og búnaður.* Farið er fram á 42 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna flutnings sendiráðs Íslands í Brussel í nýtt húsnæði. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna innréttinga og flutnings nemi 34 m.kr. og kostnaður vegna endurnýjunar húsgagna nemi 8 m.kr.

**401 Alþjóðastofnanir.**

*1.87 Íslensk friðargæsla.* Annars vegar er farið fram á að fjárveiting hækki um 70 m.kr. vegna kostnaðar við íslensku friðargæsluna umfram forsendur fjárlaga árið 2003. Verkefni friðargæslunnar voru mjög umfangsmikil það ár og reyndust kostnaðarsamari en gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar hefur ríkisstjórnin ákveðið að leita eftir 30 m.kr. framlagi í frumvarpinu vegna flutninga með flugi í þágu öryggisveita Atlantshafsbandalagsins til Afganistan.

**04 Landbúnaðarráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 164,9 m.kr.

**233 Yfirdýralæknir.**

*1.01 Yfirdýralæknir.* Farið er fram á 5 m.kr. framlag til sýnatöku vegna heilnæmisrannsókna á fôðri og landbúnaðarafurðum. Verkefnið er samevrópskt og fjallar aðallega um að rannsaka magn díoxíðs, díoxínlíkra PCB-efna og bendi PCB-efna í fôðri og landbúnaðarvörum. Sjávarútvegsráðuneytið hefur einnig staðið fyrir svipuðum rannsóknum á sjávarfangi.

**805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.**

*1.02 Lífeyrissjóður bænda.* Farið er fram á að framlög í lífeyrissjóð bænda hækki um 5,3 m.kr eða sem nemur 4% af beinum greiðslum til bænda.

*1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar.* Farið er fram á 130,3 m.kr. viðbótarframlag í samræmi við samninga um greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Í fjárlögum fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að niður falli tímabundið 129 m.kr. framlag til álagsgreiðslna

vegna uppkaupa á greiðslumarkni. Samkvæmt breytingum á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem tóku gildi í lok ársins 2002, er gert ráð fyrir að umræddri fjárhæð skuli varið til álags á gæðastýrða framleiðslu en tilgangur lagabreytinganna var að fresta gildistöku ákvæðis um gæðastýrðan framleiðsluferil til 1. janúar 2004. Áðurnefndar álagsgreiðslur vegna uppkaupa á greiðslumarkni byggjast á að beingreiðslum sem svara til þess að fyrstu 25.000 ærgildunum, sem ríkið kaupir upp, skuli varið til að greiða álag á framleitt dillakjöt fyrstu þrjú árin. Eftir það skal álagið notað til að styðja við gæðastýrða framleiðslu sauðfjár.

### **807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.**

*1.01 Beinar greiðslur til bænda.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 9,3 m.kr. vegna uppgjörð á aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Samningurinn er uppfærður miðað við þróun vísitölu neysliverðs að frádreginni árlegri 2,5% hagræðingarkröfu. Upphæðin miðast við mismun á vísitölu neysluvöruverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.

*1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylraekt.* Óskað er eftir 16,2 m.kr. hækkun á fjárheimild í samræmi við ákvæði í aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Undir þessum lið eru tvö verkefni. Í fyrsta lagi voru áætlaðar 25 m.kr. til niðurgreiðslu á rafmagni. Ákvæðið hljóðar upp á 1,08 kr./kWst. niðurgreiðslu raforku til grænmetisframleiðslu. Samkvæmt uppgjöri fyrir árin 2002–2004 varð þessi niðurgreiðsla 23,4 m.kr. fyrir árið 2002, 34 m.kr. fyrir árið 2003 og áætlað er upphæðin haldist óbreytt fyrir 2004. Samtals er þetta 92,4 m.kr. og því vantar 16,4 m.kr. á núverandi fjárheimildir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 0,2 m.kr. lækkun vegna ákvæðis um 2,5% hagræðingarkröfu.

*1.07 Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum.* Farið er fram á 1,4 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna uppgjörð á hagræðingarkröfu í aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Ákvæðið miðast við 2,5% hagræðingarkröfu árlega en samningurinn er þó uppfærður miðað við þróun vísitölu neysliverðs. Upphæðin miðast við mismun á vísitölu neysluvöruverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.

*1.08 Framlög til kynninga-, rannsókn-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylraekt.* Farið er fram á 1,2 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna uppgjörð á hagræðingarkröfu í aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Ákvæðið miðast við 2,5% hagræðingu árlega en samningurinn er þó uppfærður miðað við þróun vísitölu neysliverðs. Upphæðin miðast við mismun á vísitölu neysluvöruverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.



**891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.**

*1.91 Loðdýrafóður.* Óskað er eftir 20 m.kr. framlagi til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri. Tillagan er í samræmi við álit nefndar frá maí 2004 um bráðan rekstrarvanda loðdýræktarinnar. Einnig hefur verið gert ráð fyrir svipaðri fjárhæð í fjárlagafrumvarpi 2005.

**05 Sjávarútvegsráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði lækkuð um 458,5 m.kr.

**202 Hafrannsóknastofnunin.**

*1.01 Almenn starfsemi.* Lögð er til fjárheimild að fjárhæð 8,5 m.kr. í frumvarpinu til að greiða fyrir hluta taps á vísindaveiðum á hrefnu árið 2003. Heildartap samkvæmt niðurstöðu Ríkisendurskoðunar var um 12 m.kr.

*1.30 Rannsóknaskip.* Farið er fram á 35 m.kr. viðbótarfjárheimild til að bæta mælingar á loðnustofninum. Vegna erfiðleika við að mæla loðnustofninn á síðasta vetri var talin þörf á að fjölga leiðöngrum r/s Árna Friðrikssonar þannig að skipið var 36 dögum lengur við loðnurannsóknir á tímabilinu janúar til júní sl. en ráðgert hafði verið í rannsóknáætlun stofnunarinnar. Niðurstöður loðnumælinga Hafrannsóknastofnunarinnar eru lagðar til grundvallar við ákvörðun á leyfilegum heildarafla og því var talið nauðsynlegt að efna til þessara viðbótarleiðangra.

**203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.**

*1.01 Almenn starfsemi.* Óskað er eftir 10 m.kr. fjárveitingu til að endurgreiða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins styrk sem það veitti á árinu 1998 til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins til að þróa og smíða fiskvinnslubúnað. Í framhaldi af athugasemdum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins athugaði Ríkisendurskoðun framkvæmd samnings sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gerði við íslenskt fyrirtæki vegna verkefnisins. Að mati Ríkisendurskoðunar var framkvæmdin ekki í samræmi við ákvæði samningsins og ríkislögmaður mat að forsendur fyrir endurkröfu styrksins á hendur samstarfsaðila væru ekki fyrir hendi.

**204 Fiskistofa.**

*1.01 Fiskistofa.* Samkvæmt breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, sem samþykkt var á vorþingi 2004, breyttist fjármögnun stofnunarinnar þannig að veiðieftirlitsgjald féll niður frá og með 1. september 2004 eða frá sama tíma og veiðigjald var tekið upp. Falla því niður 270 m.kr. ríkistekjur af veiðieftirlitsgjaldinu sem runnu áður til Fiskistofu. Í staðinn er lagt til að greiðsla til stofnunarinnar úr ríkissjóði hækki um sömu fjárhæð.

**811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins.**

*6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins.* Samkvæmt breytingum á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem samþykkt voru á vorþingi 2004 falla niður tekjur og framlög til sjóðsins frá og með 1. september 2004. Á tímabilinu frá 1. september til lok ársins 2004 hafði verið gert ráð fyrir innheimtu á 512 m.kr. ríkistekjum sem rygnu til sjóðsins. Falla því niður tekjur og framlög úr A-hluta sem því nemur.

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 166 m.kr.

**210 Héraðsdómstólar.**

*1.01 Héraðsdómstólar.* Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á árinu að leita eftir 35 m.kr. viðbótarfjárheimild í frumvarpi til fjárlaganna til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda héraðsdómstóla. Dómstólarnir hafa átt við rekstrarvanda að stríða um nokkurt skeið sem má að mestu rekja til fjölgunar mála. Gerð var úttekt á rekstrarstöðu dómstóla í upphafi þessa árs og var talið að rekstrarfjárveitingin væri 17 m.kr. of lág á ársgrundvelli ef gert væri ráð fyrir óbreyttum rekstri. Gert er ráð fyrir hækkun á rekstrarfjárveitingu til dómstólanna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005.

**303 Ríkislögreglustjóri.**

*1.01 Ríkislögreglustjóri.* Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag vegna siglingaverndar en í lögum, sem samþykkt voru á sl. vorþingi, er gert ráð fyrir að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar um siglingavernd sem eiga að stuðla að vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógnum eða hryðjuverkum. Í kostnaðarumsögn um frumvarpið er gert ráð fyrir að kostnaður embættis ríkislögreglustjóra við innleiðingu siglingaverndar verði um 30 m.kr. og þar af eru u.þ.b. 23 m.kr. til kaupa á vopnum og búnaði fyrir lögregluna en 7 m.kr. eru vegna þjálfunar og kynningar lögregluembætta og vinnu við vottun verndarfulltrúa hafnanna.

**311 Lögreglustjórinn í Reykjavík.**

*1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík.* Lagt er til að veitt verði 35 m.kr. viðbótarframlag til að standa undir launum tíu lögreglumanna en þeim verður fjölgað í áföngum frá 1. maí. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að efla sérsveit lögreglunnar á næstu árum. Á árinu 2004 voru 16 sérsveitarmenn fluttir frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík til embættis ríkislögreglustjóra og var jafnframt ákveðið að fjölga lögreglumönnum í Reykjavík um tíu í almennri deild til að mæta þeim tilflutningi.

**390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.**

*1.10 Ýmis löggæslukostnaður.* Lögð er til 51 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna viðbótarsamnings ríkisins við Tetra Ísland ehf. í kjölfar fjárhagslegra endurskipulagningar fyrirtækisins. Tetra Ísland ehf. rekur fjarskiptakerfi fyrir lögreglu, slökkvilið og ýmsa aðra öryggis- og björgunaraðila, einkum á suðvesturhorni landsins. Á þessu stigi liggur ekki fyrir skipting kostnaðaraukans á einstakar stofnanir og er gert ráð fyrir að fjárheimildin verði millifærð til þeirra þegar það hefur verið kannað nánar. Viðbótarkostnaður vegna samningsins er áætlaður um 76 m.kr. á ársgrundvelli og hefur verið gert ráð fyrir fjárheimild vegna þess í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005.

**395 Landhelgisgæsla Íslands.**

*1.90 Landhelgisgæsla Íslands.* Farið er fram á 9 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna laga um siglingavernd sem sett voru á sl. vorþingi en þar er gert ráð fyrir að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar um siglingavernd sem eiga að stuðla að vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógnum eða hryðjuverkum. Í kostnaðarumsögn um frumvarpið er gert ráð fyrir að kostnaður Landhelgisgæslu Íslands verði um 9 m.kr. Þar af eru 4 m.kr. vegna kaupa á vopnum og skotheldum vestum fyrir átta manns í áhöfn hvers varðskips. Auk þessa gerir gæslan ráð fyrir 1,3 m.kr. árlegum kostnaði við æfingar og námskeiðshald vegna siglingaverndar og er gert ráð fyrir því í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005.

**411 Sýslumaðurinn í Reykjavík.**

*1.01 Yfirstjórn.* Gerð er tillaga um 6 m.kr. viðbótarframlag vegna stöðu aðfararmála hjá sýslumanninum í Reykjavík. Fjárnámsbeiðnum hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík hefur fjölgað verulega á síðustu árum eða úr tæplega 17 þúsund beiðnum árið 2000 í tæplega 29 þúsund beiðni árið 2003. Hefur þetta skapað vandkvæði í aðfarardeild embættisins þrátt fyrir auknar fjárveitingar til embættisins í heild á undanförunum árum.

**07 Félagsmálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 2.060,8 m.kr.

**101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Yfirstjórn.* Farið er fram á 10 m.kr. til breytinga á húsnæði ráðuneytisins í samræmi við úttekt á öryggismálum þess. Meðal annars þarf að gera breytingar á afgreiðslurými ráðuneytisins til að mæta auknum kröfum um öryggi.

**302 Ríkissáttasemjari.**

*1.01 Ríkissáttasemjari.* Farið er fram á 11,3 m.kr. viðbótarfjárheimild til embættisins vegna kostnaðar við kjarasamninga á þessu ári.

**701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.**

*1.01 Almennur rekstur.* Lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til að taka þátt í kostnaði Reykjavíkurborgar við lengda viðveru eldri barna við Öskjuhlíðarskóla. Gert er ráð fyrir að Svæðisskrifstofa Reykjavíkur standi að samkomulaginu við Reykjavíkurborg fyrir hönd félagsmálaráðuneytis.

**801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 249 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni. Spáin miðast við að skatttekjur verði 254.697 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars hafi verið 483.344 m.kr. árið 2003.

**980 Vinnumálastofnun.**

*1.01 Yfirstjórn.* Lagt er til að fjárheimild verði hækkuð um 4 m.kr. til að ráða starfsmann hjá Vinnumálastofnun til að annast útgáfu atvinnuleyfa vegna starfsemi á virkjanasvæðum við Kárahnjúka og vegna byggingar álvers í Reyðarfirði. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn verði í nánú samstarfi við svæðisvinnumiðlun Austurlands. Á framlagið að standa undir hluta af launagreiðslum og öðrum kostnaði svo sem ferðum.

**981 Vinnumál.**

*1.90 Ýmislegt.* Ríkisstjórnin samþykkti fyrir á árinu að leita eftir 1,5 m.kr. viðbótarframlagi vegna þátttöku fulltrúa Íslands í ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og í samninganefndum samtaka aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu. Ríkisstjórnin samþykkti sameiginlega tillögu félagsmálaráðherra og utanríkisráðherra um þetta efni á fundi sínum 25. maí 2004.

**982 Ábyrgðasjóður launa.**

*1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota.* Farið er fram á 300 m.kr. viðbótarfjárheimild til Ábyrgðasjóðs launa þar sem greiðslur úr sjóðnum eru umtalsvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Fyrstu sjö mánuði ársins voru útgjöld sjóðsins 501 m.kr. og er gert ráð fyrir því að heildarútgreiðslur á árinu nemi á milli 800–850 m.kr. en fjárheimild sjóðsins er 527 m.kr. í fjárlögum.

**984 Atvinnuleysistryggingasjóður.**

*1.11 Atvinnuleysisbætur.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins hækki alls um 948 m.kr. Stafar það annars vegar af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2004 í tengslum við kjarasamninga um að atvinnuleysisbætur hækki um 11,3% frá 1. mars sl. Hins vegar er um að ræða að nú er spáð 3,0% atvinnuleysi á árinu en forsendur fjárlaga byggðust á spá um 2,5% atvinnuleysi. Að auki er gert ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins lækki um 422 m.kr. og verði 380 m.kr. vegna lægri vaxta og minnkandi inneignar sjóðsins hjá ríkissjóði.

*1.31 Kjararannsóknarnefnd.* Farið er fram á 7 m.kr. hækkun á fjárheimild nefndarinnar en hún vinnur að launakönnun í samvinnu við Hagstofuna sem nær til allra höfuð- atvinnu- og starfsgreina á vinnumarkaðnum. Í lok ársins 2003 náðist m.a. sá áfangi að launakönnunin náði til útgerðarfyrirtækja og á árinu 2004 mun könnunin einnig ná til fjármálafyrirtækja, tryggingafélaga og lífeyrissjóða. Aukin breidd könnunarinnar hefur í för með sér mikinn ávinning en einnig stóráukna gagnavinnslu.

*1.41 Framlög og styrkir.* Farið er fram á 95 m.kr. viðbótarframlag í kjölfar samkomu- lags milli aðila vinnumarkaðarins í mars 2004 um að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera þá hæfari til að takast á við ný verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði í þessu skyni verði alls 410 m.kr. á samningstímanum sem skiptast þannig að 95 m.kr. verði greiddar árið 2004, 100 m.kr. árið 2005, 105 m.kr. árið 2006 og 110 m.kr. árið 2007. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum er kveðið á um að hún muni beita sér fyrir að fyrirkomulag um fjármögnun starfsmenntasjóða, sem gilt hefur, verði framlengt til ársins 2007.

**999 Félagsmál, ýmis starfsemi.**

*1.90 Ýmis framlög.* Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. framlag til að greiða leigu á húsnæði sem Byrgið hefur til afnota að Efri-Brú í Grímsnesi. Upphæð þessi féll niður við afgreiðslu fjárlaga 2004 en þegar hefur verið skrifað undir leigusamninga.

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.058 m.kr.

**201 Tryggingastofnun ríkisins.**

*1.01 Tryggingastofnun ríkisins.* Óskað er eftir 18,2 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er farið fram á 10 m.kr. viðbótarframlag til að mæta kostnaði við framkvæmd á aldurstengdri örorkuuppbót frá 1. janúar 2004. Í

kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpi um breytingar á lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir að tímabundinn kostnaðarauki stofnunarinnar vegna innleiðingar á þessum nýja bótaflokki lífeyristrygginga verði 10 m.kr. Í annan stað er farið fram á 8,2 m.kr. til að mæta kostnaði við að taka upp og kynna evrópskt sjúkratryggingaskírteini sem ákveðið hefur verið að taka upp hér á landi frá 1. janúar 2005. Skírteinið kemur í stað eldra vottorðs fyrir ferðamenn innan EES (E-111) sem er fjögurra blaðsíðna pappírsvottorð. Kortið veitir rétt til heilbrigðisþjónustu ef þörf fyrir sjúkrahjálp kemur upp meðan á dvöl íslenskra ríkisborgara stendur innan EFTA-/EES-ríkja.

### **203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.**

*1.31 Endurhæfingarlífeyrir.* Farið er fram á 250 m.kr. hækkun fjárveitingar til að mæta auknum útgjöldum vegna endurhæfingarlífeyris. Árið 2003 voru útgjöld vegna endurhæfingarlífeyris 522 m.kr. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að hann nemi 582 m.kr. en þróun innan ársins bendir til að útgjöldin verði um 832 m.kr. Fjölgun bótaþega er verulega umfram það sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Á árinu 2003 nam fjölgun innan ársins 212 einstaklingum sem er um 50%. Gert var ráð fyrir að á árinu 2004 dragi úr þessari aukningu.

*1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa.* Farið er fram á 96 m.kr. viðbótarfjárveitingu til bifreiðakaupastyrkja. Áætluð útgjöld í ár eru 300 m.kr. en voru 368 m.kr. á árinu 2003. Í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 752/2003, sem tók gildi 1. júní 2004, var sá tími, sem hreyfihamlaðir geta aftur sótt um styrk, lengdur úr fjórum árum í fimm. Þá var horfið til fyrra horfs við úthlutun á 500 þús. kr. styrkjum. Þar sem reglugerðin tók gildi síðar á árinu en áformað var er áætlað að útgjöld verði 96 m.kr. umfram fjárlög 2004.

### **204 Lífeyristryggingar.**

*1.11 Ellilífeyrir.* Lögð er til 70 m.kr. lækkun á fjárheimild ellilífeyris til samræmis við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins og má ætla að útgjöldin vegna ellilífeyris verði 6.630 m.kr. á árinu.

*1.15 Örorkulífeyrir.* Lögð er til 240 m.kr. hækkun á fjárveitingu örorkulífeyris til samræmis við endurskoðaða áætlun um útgjöld bótaflokksins í ár en gert er ráð fyrir að útgjöld ársins vegna örorkulífeyris verði um 4.195 m.kr.

*1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega.* Lögð er til 211 m.kr. lækkun á fjárveitingu til tekjutryggingar ellilífeyrisþega til samræmis við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins en gert er ráð fyrir að útgjöld verði 9.170 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar lækki um 473,7 m.kr. þar sem áætlað er að tekjur af tryggingagjaldi sem varið er til þessara verkefna hækki um sömu fjárhæð frá forsendum fjárlaga 2004.

*1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega.* Lögð er til 201 m.kr. hækkun á framlagi til tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Gert er ráð fyrir að útgjöld ársins verði um 5.070 m.kr.

*1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega.* Lögð er til 40 m.kr. lækkun á fjárheimild vegna tekjutryggingarauka til ellilífeyrisþega í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Áætlað er að útgjöld ársins verði um 913 m.kr.

*1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega.* Lögð er til 73 m.kr. hækkun á framlagi til tekjutryggingarauka örorkulífeyrisþega í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Gert er ráð fyrir að útgjöld ársins verði um 820 m.kr.

*1.35 Barnalífeyrir.* Lögð er til 104 m.kr. hækkun á framlagi til barnalífeyris til samræmis við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Áætlað er að útgjöld ársins verði 1.860 m.kr.

## **206 Sjúkratryggingar.**

*1.11 Lækniskostnaður.* Farið er fram á 70 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna lækniskostnaðar en áform um sparnað á þessu ári náðu ekki fram að ganga og ekki varð af afslætti sérgreinalækna vegna eininga umfram samninga. Einnig er farið fram á millifærslu á 7,3 m.kr. fjárheimild frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi til fjárlagaliðarins vegna flutnings á einingum þriggja meltingarsérfræðinga frá spítalanum á samning Tryggingastofnunar við sérgreinalækna.

*1.15 Lyf.* Lögð er til 285 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lyfjaútgjöldum sjúkratrygginga. Gert er ráð fyrir að lyfjakostnaður verði um 6.445 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun Tryggingastofnunar um útgjöld á árinu. Er gert ráð fyrir að ráðstafanir til lækkunar útgjalda síðari hluta ársins skili um 100 m.kr. til lækkunar í lyfjaútgjöldum almannatrygginga.

*1.21 Hjálpartæki.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild viðfangsefnisins hækki alls um 143 m.kr. Í fyrsta lagi stefnir í að útgjöldin aukist um 14% frá fyrra ári og svarar það til 63 m.kr. hækkunar. Í öðru lagi er farið fram á 80 m.kr. framlag til að mæta útgjöldum vegna bifreiðakaupastyrkja. Þau útgjöld voru 163 m.kr. á síðasta ári. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að reglugerð yrði gefin út í upphafi árs sem þrengdi skilyrði fyrir styrknum en hún tók fyrst gildi 1. júní sl. og tekur þá aðeins yfir síðustu úthlutun ársins.

*1.31 Þjálfun.* Farið er fram á 100 m.kr. hækkun á framlagi til þjálfunar í samræmi við endurskoðaða spá. Áætlað að útgjöld ársins verði 1.300 m.kr. en tilvísanir á sjúkraþjálfun eru langt umfram upphaflega áætlun.

*1.55 Sjúkradagpeningar.* Lögð er til 50 m.kr. lækkun á fjárveitingu til sjúkradagpeninga. Gert er ráð fyrir að útgjöld ársins fari ekki umfram 210 m.kr. en í fjárlögum er áætlað fyrir 260 m.kr. Útgjöld á þessum lið hafa dregist saman síðustu ár.

**209 Sjúklingatryggingar.**

*1.11 Sjúklingatryggingar.* Lögð er til 20 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta útgjöldum vegna sjúklingatryggingar. Lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, tóku gildi árið 2001 og hefur tryggingin farið hægt og bítandi af stað. Í ár er hins vegar gert ráð fyrir að liðurinn fari 20 m.kr. umfram fjárlög ársins.

**340 Málefni fatlaðra.**

*1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða.* Lagt er til að millifærðar verði 22,4 m.kr. á liðinn vegna samnings um sjúkraþjálfun fatlaðra í Kópavogi. Samkvæmt þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytis við Endurhæfingu ehf. í Kópavogi tók endurhæfingarstöðin að sér endurhæfingu fatlaðra einstaklinga á göngudeild sem áður fengu þjónustu hjá sjúkra- og iðjuþjálfun Landspítalans í Kópavogi. Annars vegar er 20 m.kr. fjárheimild flutt af lið 08-379 *Sjúkrahús*, óskipt, sem ætluð var til reksturs Rjóðursins árið 2003 og hins vegar 2,4 m.kr. af fjárlagalið Rjóðursins en afgangur varð á þessum heimildum þar sem hvíldarheimilið tók ekki til starfa fyrr en í apríl á þessu ári.

**373 Landspítali – háskólasjúkrahús.**

*1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús.* Farið er fram á 675 m.kr. fjárveitingu til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Landspítala – háskólasjúkrahúss en á þessu ári hefur náðst nokkur árangur í kostnaðaraðhaldi innan sjúkrahússins. Einnig er gert ráð fyrir að 7,3 m.kr. fjárheimild verði millifærð af Landspítala – háskólasjúkrahúsi til viðfangsefnis læknskostnaðar sjúkratrygginga vegna flutnings á einingum þriggja meltingarsérfræðinga frá spítalanum á samning Tryggingastofnunar við sérgreinalækna.

**379 Sjúkrahús, óskipt.**

*1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa.* Lagt er til að millifærðar verði 20 m.kr. af liðnum á lið 08-340 *Málefni fatlaðra* vegna samnings um sjúkraþjálfun fatlaðra í Kópavogi. Samkvæmt þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytis við Endurhæfingu ehf. í Kópavogi tók endurhæfingarstöðin að sér endurhæfingu fatlaðra einstaklinga á göngudeild sem áður fengu þjónustu hjá sjúkra- og iðjuþjálfun Landspítalans í Kópavogi. Fjárhæðin var ætluð til reksturs Rjóðursins árið 2003 en það tók hins vegar ekki til starfa fyrr en á þessu ári.

**384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn.**

*1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn.* Lagt er til að millifærðar verði 2,4 m.kr. af liðnum á lið 08-340 *Málefni fatlaðra* vegna samnings um sjúkraþjálfun fatlaðra í Kópavogi. Samkvæmt þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytis við Endurhæfingu ehf. í Kópavogi tók endurhæfingarstöðin að sér endurhæfingu fatlaðra einstaklinga á göngu-



deild sem áður fengu þjónustu hjá sjúkra- og iðjuþjálfun Landspítalans í Kópavogi. Rjóðrið tók ekki til starfa fyrr en í lok apríl á þessu ári og nýtir því ekki að fullu fjárheimildir sínar.

### 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

*1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga.* Farið er fram á 2,4 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við hækkun nefndarlauna en launagreiðslur til nefndarmanna hækkuðu á árinu í samræmi við ákvörðun þóknananefndar.

*1.14 Lyfjaverðsnefnd.* Lagt er til að 2,4 m.kr. verði millifærðar af fjárheimildum lyfjaverðsnefndar til lyfjagreiðslunefndar sem tók við störfum hinnar fyrrnefndu þann 15. ágúst 2004.

*1.16 Lyfjagreiðslunefnd.* Lagt er til að samtals verði 6,3 m.kr. millifærðar af fjárheimildum annarra viðfangsefna þessa fjárlagaliðar til lyfjagreiðslunefndar vegna verkefna sem hún tók við frá og með 15. ágúst 2004. Um er að ræða 2,4 m.kr. af *1.14 Lyfjaverðsnefnd*, 3,1 m.kr. af *1.18 Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyffjum* og 0,8 m.kr. af *1.45 Útgáfa lyfjaskráa*.

*1.18 Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyffjum.* Lagt er til að 3,1 m.kr. verði millifærð af fjárheimildum lyfjaverðsnefndar til lyfjagreiðslunefndar sem tók við störfum hinnar fyrrnefndu þann 15. ágúst 2004.

*1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit.* Farið er fram á 2,2 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um starfsemi leitarviðs Krabbameinsfélags Íslands. Við gerð samningsins var miðað við 200.000 sérfræðieiningar vegna sérskoðana á ári með vilmörkum frá 93% í 107%. Fjöldi sérfræðieininga 2002 var 225.104 og er því farið fram á fjárveitingu fyrir 11.104 einingum.

*1.45 Útgáfa lyfjaskráa.* Lagt er til að 0,8 m.kr. fjárheimild verði færð vegna útgáfu lyfjaskráa til lyfjagreiðslunefndar þar sem sú nefnd tekur við verkefninu frá 15. ágúst.

*1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild viðfangsefnisins hækki um 23 m.kr. í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er farið fram á 15 m.kr. fjárveitingu vegna stuðnings Íslands við aðgerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á sviði alnæmi. Á 57. alþjóðaheilbrigðisþinginu, sem var haldið í Genf sl. vor, var alnæmisvandinn í heiminum meginefni þingsins. Framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hefur lagt til að þjóðir heimsins sameinist í að koma að lausn þessa vanda og er framlagið liður í því. Í annan stað er óskað eftir 8 m.kr. framlagi til að ljúka verkefni sérstaks átakshóps um sóttvarnir í Eystrasaltslöndunum. Í samræmi við niðurstöðu þriðja fundar þjóðarleiðtoga aðildarríkja Eystrasaltsráðsins, sem haldinn var árið 2000, var ákveðið að stofna til sérstaks átakshóps sem hefði það hlutverk að draga úr smitsjúkdómum á svæðinu. Var mælt eftir stuðningi aðildarríkja og lagði Ísland 30,7 m.kr. til átaksins en fjárveitingin miðaðist

við verklok í árslok 2003 eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Verkefnið var hins vegar framlengt fram á mitt ár 2004 og verður þá kostnaður Íslands samtals 38,7 m.kr.

#### **401 Hjúkrunarheimili, almennt.**

*1.01 Hjúkrunarheimili, almennt.* Lögð er til 60 m.kr. leiðrétting á tekjum hjúkrunarheimila vegna aukinnar þátttöku vistmanna í rekstrarkostnaði þeirra. Hækkun teknanna færist á viðfangsefnið *1.83 Greiðslur frá vistmönnum* en hér er gert ráð fyrir að veitt verði jafnhá útgjaldaheimild til að ráðstafa tekjunum til rekstrar- og stofnkostnaðarverkefna hjá hjúkrunarheimilum. Farið er fram á að sértekjunum verði varið til eftirfarandi verkefna: til að mæta kostnaði við breytingar á dvalarrýmum í hjúkrunarrými; til að greiða kostnað við endurbætur á Hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum (kostnaður umfram framlög); til framlengds reksturs biðdeildar á LSH (Vífilsstaðir voru teknir seinna í notkun en áætlað var); til aðstoðar öldrunarheimildum með verulegan halla.

*1.83 Greiðslur frá vistmönnum.* Lögð er til 60 m.kr. leiðrétting á tekjum hjúkrunarheimila vegna aukinnar þátttöku vistmanna í rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila og færist á þetta viðfangsefni. Jafnframt er gert ráð fyrir samsvarandi hækkun útgjalda til rekstrar- og stofnkostnaðarverkefna hjá hjúkrunarheimilum á viðfangsefninu *1.01 Hjúkrunarheimili, almennt*.

#### **437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu.**

*1.01 Hjúkrunarrými.* Lögð er til 13,3 m.kr. fjárveiting til Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands vegna langtímaveikinda starfsfólks. Kostnaðurinn er vegna starfsfólks sem var fjarverandi samfelld lengur en tvo mánuði á árinu 2003 vegna veikinda. Það er mat heilbrigðisráðuneytisins að um ófyrirséðan kostnað hafi verið að ræða.

#### **494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða.**

*1.10 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða.* Farið er fram á 12 m.kr. viðbótarfjárheimild til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla. Á árinu 2003 var rekstrarhalli heimilisins 5,8 m.kr. og á þessu ári stefnir í sama halla. Launakostnaður er um 87% af rekstrarkostnaði heimilisins. Hér er um að ræða lítið heimili sem hefur takmarkað svigrúm til breytinga þar sem um fáa starfsmenn er að ræða.

#### **571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri.**

*1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri.* Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 9,2 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, 08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Nánari skýringar koma fram við þann lið.

**572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal.**

*1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal.* Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 9,9 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, 08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Nánari skýringar koma fram við þann lið.

**574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi.**

*1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi.* Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 21,6 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, 08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Nánari skýringar koma fram við þann lið.

**576 Heilsugæslustöðin Laugarási.**

*1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási.* Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 16,5 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, 08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Nánari skýringar koma fram við þann lið.

**578 Heilsugæslustöðin Hveragerði.**

*1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði.* Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 15,2 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, 08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Nánari skýringar koma fram við þann lið.

**579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn.**

*1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn.* Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 8,5 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, 08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Nánari skýringar koma fram við þann lið.

**721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.**

*1.11 Sjúkrasvið.* Farið er fram á 5 m.kr. fjárheimild til uppgjors á uppsöfnuðum halla stofnunarinnar. Rekstur stofnunarinnar hefur verið í jafnvægi síðustu ár en uppsafnaður halli fyrri ára veldur stofnuninni greiðsluferfiðleikum.

**751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.**

*1.11 Sjúkrasvið.* Farið er fram á 5 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna brýnnar nauðsynjar á endurnýjun á hita- og neysluvatnslögnum í elsta hluta stofnunarinnar.

**761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Farið er fram á alls 40 m.kr. fjárheimild vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára en þar af færast 20 m.kr. á þetta viðfangsefni. Heilbrigðisstofnunin hefur átt við talsverðan rekstrarvanda að glíma undanfarin ár í kjölfar sameiningar heilsugæslustöðva í Þingeyjarsýslum. Rekstur stofnunarinnar er að

komast í jafnvægi og í rekstraráætlun ársins er gert ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði innan fjárheimilda.

*1.11 Sjúkrasvið.* Farið er fram á alls 40 m.kr. fjárheimild vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára en þar af færast 20 m.kr. á þetta viðfangsefni.

#### **777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um samtals 25 m.kr. Annars vegar er lögð til 15 m.kr. fjárveiting vegna aukinnar heilsugæsluþjónustu í kjölfar stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi. Vegna framkvæmda við álver, jarðgöng og mikilla umsvifa í tengslum við virkjanaframkvæmdir jókst álag á heilsugæsluna verulega þegar á fyrri hluta ársins 2004. Nú er aðeins einn læknir starfandi á þessu svæði. Nauðsynlegt er því að bæta við þjónustu læknis og hjúkrunarfræðings þegar á þessu ári. Hins vegar er farið fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna aukinnar heilsugæsluþjónustu á Egilsstöðum. Í tengslum við virkjanaframkvæmdirnar hefur mikil aukning orðið á starfsemi heilsugæslunnar á Egilsstöðum. Samskiptafjöldi jókst um 11% á árinu 2003 og tímafrekum samskiptum fjölgaði verulega. Mikið er um samskipti við erlenda starfsmenn á virkjanasvæðinu sem taka að jafnaði lengri tíma vegna tungumálaerfiðleika og vegna þess að um flóknari og erfiðari tilfelli er að ræða en almennt gerist hjá skjólstaðingum stofnunarinnar. Brýn þörf er því fyrir að bæta við einum lækni og einum hjúkrunarfræðingi.

#### **785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Farið er fram á 5,9 m.kr. framlag til viðhalds Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi sem er jafnt söluandvirði íbúðar að Fossheiði 54, Selfossi. Einnig er gerð tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 40,4 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, 08-787 *Heilbrigðisstofnun Suðurlands*. Nánari skýringar koma fram við þann lið.

*1.11 Sjúkrasvið.* Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 138,1 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, 08-787 *Heilbrigðisstofnun Suðurlands*. Nánari skýringar koma fram við þann lið.

#### **787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Gerð er tillaga um að fjárheimildir sem samtals nema 121,3 m.kr. verði millifærðar á þetta viðfangsefni af 08-571-1.01 *Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri*, 08-572-1.01 *Heilsugæslustöðin Vik í Mýrdal*, 08-574-1.01 *Heilsugæslustöðin Rangárfingi*, 08-576-1.01 *Heilsugæslustöðin Laugarási*, 08-578-1.01 *Heilsugæslustöðin Hveragerði*, 08-579-1.01 *Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn* og 08-785-1.01 *Heilbrigðisstofnunin Selfossi, heilsugæslusvið*. Heilbrigðisstofnun Suðurlands er ný ríkisstofnun sem tók til starfa 1. september sl. samkvæmt reglugerð þar um.

Sameiningin tekur til framangreindra heilsugæslustöðva auk Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi. Markmiðið með sameiningunni er að samræma heilbrigðisþjónustu sem veitt er á svæðinu, efla hana og styrkja. Um 200 manns eru starfandi á þeim stofnunum sem nú verða sameinaðar í eina og velta þær um 1.230 m.kr. á ári. Tillögur um millifærslu fjárheimilda taka mið af því að stofnunin tók til starfa 1. september sl.

*1.11 Sjúkrasvið.* Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 138,1 m.kr. verði millifærð á þetta viðfangsefni af 08-785-1.11 Heilbrigðisstofnunin Selfossi, sjúkrasvið vegna sameiningar stofnana.

### **791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum.**

*1.11 Sjúkrasvið.* Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu vegna aukins rekstrarkostnaðar á 2. hæð D-álmú Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum. Hæðin var tekin að fullu í notkun á sl. vetri og er hún nú fullnýtt fyrir aldraða sjúklinga sem koma til skammtímalegu. Í fjárveitingu stofnunarinnar var gert ráð fyrir 50% nýtingu deildarinnar.

## **09 Fjármálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 937,8 m.kr.

### **103 Fjársýsla ríkisins.**

Lagt er til að framlög til reksturs stofnunarinnar verði aukin um 181 m.kr. á móti samsvarandi lækkun á stofnkostnaði. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir viðfangsefna stofnunarinnar breytist með eftirfarandi hætti: Af 181 m.kr. hækkun rekstrarheimilda fari 76 m.kr. á viðfangsefnið *1.01 Almennur rekstur*, 22 m.kr. á viðfangsefnið *1.41 Launagreiðslukerfi*, 65 m.kr. á viðfangsefnið *1.43 Tekjubókhaldskerfi* og 18 m.kr. á viðfangsefnið *1.48 Innheimtuskilakerfi*. Af 181 m.kr. lækkun stofnkostnaðarheimilda fari 101 m.kr. á viðfangsefnið *6.41 Launagreiðslukerfi*, 92,3 m.kr. á viðfangsefnið *6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi*, 9,7 m.kr. á viðfangsefnið *6.45 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins* en viðfangsefnið *6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi* hækki um 22 m.kr.

### **215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins.**

*1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins.* Óskað er eftir 14 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna stórra mála sem eru til meðferðar hjá embættinu. Leita þarf aðstoðar sérhæfðari mannafla og kaupa þjónustu sérfræðinga, svo sem löggiltra endurskoðenda og lögmannna auk þjónustu þýðenda til að ljúka rannsókn málanna. Mál þau sem nú eru til rannsóknar hafa reynst umfangsmeiri en gert var ráð fyrir.

**262 Tollstjórinn í Reykjavík.**

*1.01 Tollstjórinn í Reykjavík.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til embættisins í samræmi við kostnaðarumsögn með frumvarpi til laga um farmvernd. Þann 1. júlí 2004 tók gildi ný alþjóðleg siglingaverndaráætlun sem byggist á alþjóðasamþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi mannlífa á hafinu auk alþjóðakóða um skipa- og hafnavernd. Gert er ráð fyrir að tollstjórar fari með veigamikil hlutverk í siglingavernd með því að annast farmvernd. Með farmvernd er átt við fyrirbyggjandi aðgerðir til verndunar farms gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum. Rekstrarkostnaður embættisins af þessum verkefnum er áætlaður 10 m.kr. á ársgrundvelli og hefur verið gert ráð fyrir honum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005. Í tillögunni er gert ráð fyrir 5 m.kr. stofnkostnaði á yfirstandandi ári vegna búnaðarkaupa o.fl.

**821 Vaxtabætur.**

*1.11 Vaxtabætur.* Gert ráð fyrir að fjárheimild til greiðslu vaxtabóta vegna húsnæðislána hækki um 600 m.kr. Samkvæmt tölum sem liggja fyrir um skattálagningu ársins 2004 hafa þessar greiðslur orðið talsvert hærri en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga þar sem velta á fasteignamarkaði og húsnæðislán hafa aukist meira en reiknað var með.

**980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.**

*1.01 Rekstur húsnæðis.* Gerð er tillaga um 9,8 m.kr. hækkun á fjárheimild rekstrarfélagsins. Frá því að efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins flutti úr húsnæði að Lindargötu 9 um síðustu áramót hafa staðið yfir endurbætur á því og Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga orðið af leigutekjum sökum þess. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðuneytið flytji í húsnæðið í desember nk. Leigutapið í 11 mánuði nemur 9,8 m.kr.

**989 Launa- og verðlagsmál.**

*1.90 Launa- og verðlagsmál.* Gert er ráð fyrir 300 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar til að mæta ófyrirséðum útgjöldum vegna breytinga á launakjörum ríkisstarfsmanna eftir afgreiðslu fjárlaga. Fjárheimildin nam 520 m.kr. í fjárlögum 2004. Þar af er gert ráð fyrir að 100 m.kr. verði ráðstafað til framhaldsskóla. Undir lok síðasta árs var gert samkomulag um framlengingu kjarasamnings framhaldsskólakennara til haustsins 2004 og 3% hækkun á launum 1. janúar sl. Í fjárlögum var hins vegar reiknað með 1,5% hækkun samkvæmt fyrri samningi. Þá eru fjárheimildir að fjárhæð 218 m.kr. fluttar af liðnum á fjárlagaliði heilsugæslustöðva til leiðréttingar á fyrra mati á úrskurðum kjaranefndar um breytingar á fyrirkomulagi greiðslna vegna vottorða og læknisverka. Sú ráðstöfun er í samræmi við tillögu um málið sem afgreidd var við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2004. Einnig er gert ráð fyrir tæplega 380 m.kr. fjárheimild til að hækka launafjárveitingar stofnana í kjölfar kjarasamninga við Starfs-

greinasambandið og félög iðnaðarmanna sl. vor og sumar. Í fjárlögum var almennt reiknað með 3% hækkun frá áramótum hjá þessum félögum en upphafshækkanir hafa reynst vera nokkru meiri, auk þess sem samið var um sérstakar kjarabætur til þeirra sem sinna umönnunarstörfum á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Þá er gert ráð fyrir að fjárvöntun vegna ýmissa annarra hækkana á launakostnaði geti numið alls um 100 m.kr. á árinu.

### 999 Ýmislegt.

*1.90 Ýmis verkefni.* Farið er fram á 4 m.kr. fjárheimild á þessu viðfangsefni. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta gera heildstæða athugun á uppbyggingu stofnana-kerfis ríkisins og á fyrirkomulagi verkefna ríkisins út frá markmiðum um skilvirkni, hagkvæmni og betri þjónustu við borgarana. Yfirstjórn verkefnisins verður í höndum fjármálaráðherra og þriggja annarra ráðherra. Ráðherrarnir skipa hver fyrir sig einn fulltrúa í framkvæmdanefnd undir formennsku fulltrúa fjármálaráðherra. Fjárheimildin er einkum ætluð til að standa straum af kostnaði framkvæmdanefndarinnar við aðkeypta þjónustu.

## 10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 411,6 m.kr.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.34 Flugskóli Íslands.* Farið er fram á 11,1 m.kr. framlag til Flugskóla Íslands hf. Beiðnin er í samræmi við niðurstöður nefndar sem falið var að gera tillögur að endurskipulagningu á rekstri skólans með það að leiðarljósi að atvinnuflugmannsnámi verði áfram sinnt hér á landi. Í fjárákálögum 2003 var veitt 12,3 m.kr. framlag til hækkunar á árlegum rekstrarstyrk til skólans en þá láðist að gera tillögu þá sem hér er gerð. Framlög til skólans eru hækkuð í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005.

### 212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar.

*6.10 Framkvæmdir.* Farið er fram á 375 m.kr. framlag til jarðgangagerðar undir Almannaskarð. Í fyrsta lagi eru 175 m.kr. vegna kostnaðarauka við vegaf framkvæmdir að göngunum. Hins vegar eru 200 m.kr. vegna tilfærslu á milli ára þar sem verkefninu miðar hraðar en áður var áætlað.

**335 Siglingastofnun Íslands.**

*1.01 Yfirstjórn.* Með lögum 47/2003 tók gildi breytt fyrirkomulag skipaskoðunar sem heimilar Siglingastofnun að fela viðurkenndum skoðunarstofum að annast skoðun flestra skipa, sbr. reglugerð 94/2004. Áætlað er að útgjöld stofnunarinnar lækki um 20 m.kr. á árinu. Kostnaðurinn var fjármagnaður með tekjum af skoðunargjöldum skipa.

**471 Rekstur Flugmálastjórnar.**

*1.01 Flugmálastjórn.* Farið er fram á 45,5 m.kr. hækkun á gjaldaheimildum Flugmálastjórnar til samræmis við samgönguáætlun. Með lögum nr. 95/2004, um breytingar á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, var flugvallagjald lagt niður en upp tekinn flugvallaskattur og varaflugvallagjald. Áætlað er að tekjur af hinum nýju gjöldum verði 30,4 m.kr. hærrí á árinu 2004 en verið hefði að óbreyttu flugvallagjaldi. Beint framlag greitt úr ríkissjóði lækkar samsvarandi.

**11 Iðnaðarráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 6,5 m.kr.

**240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.**

*1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.* Lagt er til að veitt verði 3,5 m.kr. viðbótarfjárheimild til hreinsunar álverslóðar á Austfjörðum. Um er að ræða m.a. byggingar og girðingar og er reiknað með að sorphirðugjald vegna þessa nemi 1,8 m.kr. Í annan stað er lagt til að veitt verði 3 m.kr. fjárveiting til rannsókna á fornminjum á lóð sem ætluð er undir álver Alcoa á Reyðarfirði. Í fjárukalögum ársins 2003 var veitt 13,4 m.kr. fjárveiting en nú, þegar verkinu er lokið, er ljóst að kostnaðurinn nemur tæpum 16,5 m.kr.

**12 Viðskiptaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði lækkuð um 90,5 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál.* Lagt er til að veitt verði 4,5 m.kr. framlag vegna skipunar nefndar um stefnumótun viðskiptalífs á Íslandi. Nefndin var sett á laggirnar þann 27. janúar 2004. Henni er ætlað að taka fyrir hvernig bregðast megi við aukinni samþjöppun og með hvaða hætti skuli þróa reglur þannig að viðskiptalífið sé skilvirkt og njóti trausts.



**821 Flutningssjóður sements.**

*1.10 Flutningssjóður sements.* Samkvæmt lögum nr. 63/2004 var flutningsjöfnunargjald af sementi lagt af frá 1. júní 2004 og fellur því niður 95 m.kr. fjárheimild til ráðstöfunar á gjaldinu til sjóðsins eftir þann tíma.

**13 Hagstofa Íslands**

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 14 m.kr.

**101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.**

*1.01 Yfirstjórn.* Lögð er til 14 m.kr. hækkun á fjárveitingu viðfangsefnisins í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er farið fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna evrópskrar lífskjarakönnunar. Hér er um að ræða nýtt verkefni sem er samræmt fyrir öll ríki Evrópska efnahagssvæðisins og verðandi aðildarríki ESB. Hagstofan er skuldbundin til að sinna þessu verkefni vegna EES-samningsins. Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, leggur nokkurt fé til verksins fyrstu 3 árin. Endanleg ákvörðun um kostnaðarpátttöku Eurostat fékkst ekki fyrir en undir lok sl. árs en í henni var m.a. skilyrt að verkefnið hæfist á árinu 2004. Kostnaður við könnunina er áætlaður um 14 millj. kr. á árinu 2004 en þar af mun Eurostat greiða um 4 millj. kr. Jafnframt er sótt um fjárveitingu til verkefnisins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005. Í öðru lagi er leitað eftir heimild fyrir 4 m.kr. framlagi til áframhaldandi vinnu við uppbyggingu gagnasafns á vefnum en vefurinn, sem enn er í þróun, hefur stóraukið aðgengi notenda að gögnum Hagstofunnar. Verkefnið er nátengt haggagnabanka Hagstofunnar sem lýtur að vistun gagna en veflausnin snýr að aðgengi að gögnunum. Í fjárlögum 2004 féll niður framlag Íslenska upplýsingasamfélagsins til Hagstofunnar en Hagstofan hafði talið sér óhætt að reikna með áframhaldandi framlagi á sama hátt og önnur ráðuneyti.

*1.50 Þjóðskráin.* Farið er fram á að bein greiðsla úr ríkissjóði hækki um 14 m.kr. til að mæta lækkun tekna af sölu upplýsinga úr þjóðskrá. Hagstofan hefur takmarkað aðgengi að þjóðskrá til að koma til móts við sjónarmið um persónuvernd. Þá hefur verðlagningu fyrir aðgengið verið breytt mikið og þannig brugðist við sjónarmiðum um verðlagningu opinberra upplýsinga og jafnan aðgang að þjóðskrá. Með þessum breytingum er fleirum veitt tækifæri á að nýta sér grunnupplýsingar þjóðskrár á sanngjörnu verði en jafnframt takmarkaður aðgangur að ítarlegum upplýsingum um einstaklinga. Þessar breytingar leiða til þess að ríkistekjur þjóðskrár verða mun minni í ár en áður var áætlað. Er hér um að ræða breytingu á fjármögnun en útgjöld verða óbreytt. Reiknað er með að til skamms tíma dragi úr tekjum Hagstofunnar en að fjölgun viðskiptavina leiði til þess að á árinu 2006 hafi náðst að vinna upp þann tekjumissi.

## 14 Umhverfissráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfissráðuneytis verði aukin um 50 m.kr.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál.* Farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna rekstrarvanda úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál. Umboðsmaður Alþingis hefur gagnrýnt hve langan tíma það hefur tekið að fá úrskurð frá nefndinni og mælst til þess að á því verði unnin bót. Lögfræðingur hefur verið ráðinn tímabundið til starfa hjá nefndinni og áætlað er að afgreiðslutíminn verði kominn í viðunandi horf um næstu áramót. Nefndin fékk 6 m.kr. fjárveitingu á fjáráukalögum 2003 til að hraða afgreiðslu mála sem safnast höfðu upp. Ljóst er að verkið mun taka lengri tíma en upphaflega var áætlað.

### 211 Umhverfisstofnun.

*5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.* Lögð er til 6 m.kr. fjárveiting svo að taka megi fyrsta skrefið í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs með því að stækka núverandi þjóðgarð í Skaftafelli þannig að hann nái einnig yfir suðurhluta Vatnajökuls og friðlýsta svæðið í Lakagígum. Jafnframt er sótt um fjárveitingu vegna stækkunar þjóðgarðsins í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 en áætlað er að kostnaður vegna stækkunarinnar verði 19 m.kr. árið 2005 en 15 m.kr. á ári eftir það.

### 381 Ofanflóðasjóður.

*6.60 Ofanflóðasjóður.* Í frumvarpinu er áætlað að vaxtatekjur Ofanflóðasjóðs af inneign á mörkuðum tekjum af forvarnargjaldi hjá ríkissjóði verði 85 m.kr. og gert ráð fyrir að sjóðnum verði heimilt að nýta þær tekjur, að frádregnum fjármagnstekjuskatti, til framkvæmda.

### 401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

*1.02 Setur í Reykjavík.* Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu til að vega upp á móti fyrir sjáanlegri lækkun sértekna frá áætlun fjárlaga. Munar þar mest um vinnu sem fyrirhuguð var fyrir Landsvirkjun og Orkusjóð en nú hefur verið frestað. Að auki er gerð tillaga um 3 m.kr. framlag til rjúpnarannsóknna. Á vegum Náttúrufræðistofnunar er unnið að vöktun rjúpnastofnsins í samræmi við rannsóknaráætlun sem staðfest hefur verið af umhverfissráðuneytinu og tekur til árána 2003 til 2007. Á árinu 2003 greiddi Veiðikortasjóður 12 m.kr. fyrir rannsóknirnar en með því var fé sjóðsins uppurið það árið. Gert er ráð fyrir að í ár greiði Veiðikortasjóður 3,5 m.kr. til rannsókna.

**410 Veðurstofa Íslands.**

*1.01 Almenn starfsemi.* Óskað er eftir 11 m.kr. framlagi til áframhaldandi vöktunar á Mýrdalsjökulssvæðinu og Húsavíkursvæðinu. Í lok árs 2002 féll niður fjármögnun þessara verkefna, þ.e. 5,6 m.kr. framlag úr ríkissjóði vegna vöktunar á Mýrdalsjökli og um 4 m.kr. framlag úr rannsóknarsjóðum ESB vegna Húsavíkurvöktunar en aukafjárveiting fékkst á fjárukalögum 2003. Hér er farið fram á fjárveitingu vegna áfallins kostnaðar vegna þessara vöktunarverkefna á árinu 2004. Samhliða þessari tillögu er sótt um 11 m.kr. varanlega fjárveitingu til vöktunar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005.